

Fundur í skólaráði 8. jan. 2018

Mætt: Hanna Dóra, Lára, Trostan, Ólafur Atli, Hafdís Edda, Jódís Helga, Guðmundur Smári, Laufey Leifsd., Laufey Haraldsd., Svanhildur Páls.

Skólapúlsinn

Hanna Dóra greindi frá könnuninni. Niðurstöður eru þannig að skólinn er marktækt undir í þáttunum um trú á eigin getu og trú á námi sínu. Sveiflan á sér stað þegar nemendur koma upp á unglingastig. Vangaveltur um hvað er til ráða. Viðhorf til heimanáms er einnig undir meðaltali. Mataræði almennt er að dala.

Laufey Leifs velti upp á fundinum hvort breyting á milli miðstigs og unglingastigs gæti skýrt þessa sveiflu.

Námsmat á haustönn.

Lára greindi frá því að nú er námsmat með breyttu sniði. Einkunnir verða birtar í Mentor í samhengi við námsmarkmið. Ekki verða prentuð út einkunnablöð og send heim. Ætlast er til að nemendur og foreldrar skoði lokaeinkunnir í samhengi við námsmarkmið Opnað verður fyrir námsmat eftir hádegi þann 8. janúar.

Samræmd próf

Um fjöllum samræmdra prófa. Hanna Dóra greindi frá niðurstöðum samræmdra prófa og um fjöllum um þær í fjölmiðlum. Verið er að vinna úr niðurstöðum í skólanum og gera betur. Sprotaverkefni er að hefjast í stærðfræði hjá yngri árgöngum í samstarfi við Háskólann á Akureyri þarsem unnið verður að samfelli í námi í stærðfræði.

Bókun fræðslunefndar vegna bréfs foreldrafélaga leik- og grunnskóla Varmahlíðarskóla

Upphaf málsins er að foreldrafélög leik- og grunnskóla Varmahlíðarskóla hittust og sendu í framhaldi bréf til fræðslunefndar þar sem óskað er eftir svörum um stefnu í húsnæðismálum skólanna í Varmahlíð. Ekki hefur verið haldinn fundur með fræðslunefnd enn og ekki vitað til að búið sé að tímasetja þann fund. Hanna Dóra greindi frá því að hafa komið áleiðis upplýsingum um fulltrúa foreldra og grenndarsamfélags í skólaráði og að skv. svörum forsvarsmanns hópsins að þá stæði til að hittast aftur til undirbúnings því að fulltrúar hópsins færu á fund með samstarfsnefnd.

Hanna Dóra sendi skólaráði nýverið grein Ingvars Sigurgeirsonar sem fjallar um kosti og galla grunn- og leikskóla í sama húsnæði.

Önnur mál

Svana spurði út í hvort nemendafing hefði verið haldið. Hanna Dóra svaraði því til að verið væri að undirbúa þingið og stefnt að því að það verði haldið nú eftir áramót.

Ákveðið að skólaráð hafi einn fund með öllu nemendaráði. Fulltrúar nemenda þau Jódís Helga og Guðmundur Smári skipuleggja þann fund.

Áætlað að sá fundur verði eftir rúmarn mánuð þann 26. febrúar, kl. 9.20.

Fundargerð ritaði: Lára Gunndís

